| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 11. okt 2022 |
| **Námsgrein** | Lífsleikni |
| **Titill** | Virðing, efling, rökhugsun og atorka IV |
| **Skammstöfun** | VERA1AD01 |
| **Viðfangsefni** | Borgaravitund, heilbrigður lífsstíll og samskipti |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 1 |
| **Lýsing áfanga** | Efni áfangans eru fjölbreyttir þættir sem snerta daglegt líf og tengsl nemenda við samfélag sitt. Viðfangsefni áfangans eru m.a. einbeiting, hegðun á samfélagsmiðlum, heilbrigð sjálfsmynd, fjölmiðlalæsi og samskiptareglur. Einnig er fjallað um réttindi þeirra og skyldur sem nemendur og borgarar í lýðræðisríki. Áfram er lögð áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi. |
| **Forkröfur áfanga** | VERA1AC01 – áfangi tekinn á fjórðu önn |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• eigin sjálfsmynd og geta útskýrt tilfinningar sínar og skoðanir á rökstuddan hátt<br>• mismunandi upplýsingum og út frá þeim tekið sjálfstæðar ákvarðanir<br>• réttindum og skyldum sínum sem nemandi og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi<br>• gildi heilbrigðis lífsstíls, hvað varðar samskipti, sjálfsrækt og hvernig við hegðum okkur í samskiptum hvert við annað |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• eiga góð samskipti og fara eftir óskrifuðum samskiptareglum í umgengni við annað fólk<br>• efla sig sem einstakling<br>• afla sér upplýsinga um umhverfi sitt, nærsamfélag og alþjóðasamfélagið<br>• gera grein fyrir stöðu sinni í samfélaginu með það að markmiði að vera virkur þjóðfélagsþegn |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• beita rökhugsun til þess að draga ályktanir og setja fram gagnrýni á skipulegan hátt<br>• geta gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum á málefnalegan og rökstuddan hátt<br>• sýna öðrum einstaklingum, skoðunum þeirra og lífstíl virðingu og umburðarlyndi<br>• vera læs á sjálfan sig, samfélag sig og alþjóðasamfélagið |
| **Námsmat** | Námsmat er nánar tilgreint á kennsluáætlun |